



## 108. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 6. janúar, 2004, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá Húnakaupum.
3. Erindi frá Kennaraháskóla Íslands.
4. Fundargerðir SSNV.
5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.
6. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Atvinnumál.

a. **Trúnaðarmál** - erindi frestað á síðasta fundi bæjarráðs. Bókað í trúnaðarbók.

#### 2. Erindi frá Húnakaupum.

Framkvæmdastjóri Húnakaupa sækir um lækkun fasteignagjalda ársins 2004 vegna eignar félagsins að Efstubraut 2. Sótt er um lækkun af umræddri eign frá þeim tíma sem húshluti eignarinnar skemmdist í eldsvoða í lok september.

Bæjarráð hafnar erindinu.

#### 3. Erindi frá Kennaraháskóla Íslands.

Fram lagt bréf frá dr. Grétari L. Marinóssyni, dósent við KÍ þar sem óskað er heimildar til spurningalistakönnunar í skólum vegna rannsókna á menntun nemenda með þroskahömlun. Er þess óskað að sveitarfélagið heimili að lagður verði spurningarlisti fyrir starfsmenn leikskóla og grunnskóla.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti en vísar því til fræðslu-, íþróttá- og tómstundanefndar.

#### 4. Fundargerðir SSNV.

Fram lagðar til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV frá 29. október, 10. nóvember, 16. desember 2004 ásamt minnisblaði um fund um atvinnumál á NV með starfsmönnum stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

Hvað liðinn "önnur mál 9.2." varðar í fundargerðinni frá 16. desember fagnar bæjarráð tillögum stjórnar um að stefnt verði að málþingi um atvinnumál mánaðarmótin febrúar/mars 2005.



**5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.**

*Fundargerðin er frá 20. desember 2004 og er lögð fram til kynningar.*

**6. Önnur mál voru engin.**

***Fundargerð upplesin og samþykkt.***

***Fundi slitið kl.18:45.***

*Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*